

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 11. október var haldinn 132. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness - Miðgarði og hófst fundurinn kl. 17.08. Viðstödd voru Sigurður Hólm Gunnarsson formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir. Einnig sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi framsóknar og flugvallarvina, Árni Guðmundsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs og Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf um kosningu í hverfisráð Grafarvogs.
 - 17.17 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.
 - 17.25 tekur Árni Guðmundsson sæti á fundinum.
2. Lögð fram útskrift úr gerðabók frá umhverfis- skipulagsráði um Bæjarflöt 9-11 og Gylfaflöt 15-17 lögð fyrir fundinn til kynningar.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

„Hverfisráð Grafarvogs hefur mótttekið kynningu um Bæjarflöt 9-11 og Gylfaflöt 15-17. Hverfisráð óskar eftir því að hér eftir fylgi slíkum kynningum þær athugasemdir sem borist hafa frá hagsmunaaðilum vegna breytinganna.“

3. Lögð fram tillaga að stefnu um frístundaþjónustu.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

„Hverfisráði Grafarvogs þykir framsetningin á þessu plaggi ómarkviss og óljós og óskar hverfisráð því eftir nánari kynningu á þessari stefnu.“ Málinu er því frestað til næsta fundar.

4. Umræður um reglur um fundargerðir.
5. Umræður um hlutverk hverfisráða í uppröðun verkefna til kosningar í Betri hverfum.
6. Svar sérfræðihóps við umsögn Hverfisráðs Grafarvogs á tillögum til kosninga í Betri hverfum.

Eftirfarandi hugmyndir verða sendar til kosninga í verkefninu Hverfið mitt:

1. Bæta við opinni breiðri vatnsrennibraut í Grafarvogslauginu ásamt fleiri leiktækjum fyrir börn
2. Útiklósettaðstaða við útivistarsvæði Gufunesbæjar
3. Furulundur við gatnamót Gullinbrúar og Hallsvegur
4. Ungbarnarólur í Grafarvogi (Í Bryggju- og Rimahverfi)
5. Pétanque
6. Stígurinn með sjónum undir Hamrahverfinu
7. Fleiri leiktæki við Gufunesbæ
8. Hundagerði í Gufunesi

9. Fjöltnis útibekkir
10. Útibekkir
11. Púttvöllur
12. Leiktæki fyrir fullorðna
13. Gróðursetning trjáa í Víkurhverfinu
14. Ruslatunnur í hverfið
15. Tengja göngustígana við Rimaskóla
16. Gangstétt/göngustígur
17. Gæsagirðing á Sævarhöfða
18. Skógrækt á útisvæðinu við Gufunes
19. Vatnspósta við göngu- og hjólastíg
20. Setja upp malbikaðan körfuboltavöll með tveim körfum í Bryggjuhverfi.

7. Eftirfarandi fyrirspurn barst frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina beint til borgarstjóra:

„Á mjög svo fjölmennum íbúafundi borgarstjóra með Grafarvogsbúum 12. apríl 2016 í Sportbitanum Egilshöll, lýsti borgarstjóri því yfir að hann myndi verða við því neyðarkalli Ungmennafélagsins Fjöltnis, iðkenda og foreldra barna sem æfa handbolta og körfubolta sem og aðrar íþróttir sem þurfa fjölnota íþróttahús að hafið yrði sem fyrst samningaviðræður við eigendur Egilshallar um byggingu á íþróttahúsi. Óskað er eftir að eigi síðar en á fyrirhuguðum fundi Íþróttar og tólmstundaráðs með stjórn Ungmennafélagsins Fjöltnis 25. nóvember n.k. að gefið verði upp svar hvort Borgarstjóri ætli að standa við gefið vilýrði/loforð og hefja byggingu fjölnota íþróttahúss fyrir Grafarvogsbúa og hvenær verk verði hafið og lokið.“

8. Eftirfarandi tillaga barst frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar að skipt verði um nafn á götu í hverfinu þ.e. „Hallsvegur“ verði framvegis nefndur „Fjöltnisbraut“. Vegur þessi tengir saman stóran hluta Grafarvogs við helstu íþróttar- og frístundamannvirki hverfisins. Meðal annars liggur vegur þessi meðfram keppnisíþróttavelli og sundlaug við Dalhús og leggur leið að hinni glæsilegu Egilshöll og einnig að frístundasvæðinu við Gufunes. Það er því kjörið að vegur þess hafi tengingu í stolt Grafarvogs þ.e. Ungmennafélagið Fjöltni.

Samþykkt var að taka tillöguna á dagskrá með öllum greiddum atkvæðum. Tillagan var samþykkt með 4 greiddum atkvæðum. 1 sat hjá.

Fundi slitið kl. 19.01

Sigurður Hólm Gunnarsson

Guðbrandur Guðmundsson
Elísabet Gísladóttir

Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Gísli Rafn Guðmundsson